

1174

Á R S S K Ý R S L A

Skógarvarðarins á Vesturlandi, 1973.

Veðráttta: Vetur frekar snjóléftur og jörð klakalaus - áfallalaus vetur, og jörð kom vel undan ~~vetur~~.

Síðast í apríl fór að örla á gróðurmál og síðast í maí sézt litur á túnnum og birki var nokkuð komið af stað. En síðustu daga maímánadar brá til kulda og júnimánudur var mjög kaldur, enda gróður lítil. 12. júní hef ég skrifað: Kalt í veðri, frost í nótt, hitastig í dag er 2 til 5 gr. mest. Aftur hef ég skrifað: 27. júní kl. 12 að kvöldi, hitastig tæpar 3 gr.

Með júlí brá til nokkurra hlýinda, þó var kalt á köflum og 20. júlí skrifa ég í dagbók mína: " Hitastig kl. 6 að morgni 2 gr. enda frost í nótt " 22. júlí varð aftur svo mikill hiti að hann komst í 22 gr.. Svipað tíðarfar var ríkjandi mestan hluta ágústmánadar, en aðfaranótt 19. ágúst varð allt hvítt af hélu og allhart frost aðfaranótt 22. ágúst. September og október voru veðragóðir og lítil frost. Með nóvember brá til frosta og er nóvembermánuður einn sá kaldasti sem komið hefur á Íslandi síðan veðurathuganir hófust.

Desember er einnig afar kaldur og komst frost hér oft í allt að 20 gr. jafnframt hafa geisab hríðarveður.

Af því sem að ofan greinir má draga þar ályktanir að mikill klaki verði í jörð á komandi vori og þar af leiðandi verði gróður síðbúinn næsta vor. Það er staðreynd að frosthárðir vetur eru hættulegir fyrir allan jarðargróður.

Vöxtur trjáa: Skógur laufgáðist 15. til 20. maí en ekki að fullu fyrir enum mánaðmótin maí - júní.

Vöxtur á barrplöntum var sámilegur, einnig á birki og áfelli voru engin á skógargróbri.

Nú brá svo við að fræfall varð nálega ekkert í birkiskógum hér á Vesturlandi, og eru það miklar andstaður miðað við árið 1972 þegar fræfall varð afburða mikið.

Starfsfólk: Sem að undanfögnu var vinnukraftur hjá mér einvörðungu unglingar að kalla.

Fullorðið og vant fólk fæst ekki í þessi störf, enda skógræktarvinna lakar greidd en önnur opinber vinna, þar sem allir vinnuflokkar á vegum ríkisins sem vinna úti á landi fá fullt fæði nema skógræktarfólk.

Ég fékk Ólaf Oddsson frá Hálsi mér til aðstoðar, en hann var ekki allt sumarið, fór meðal annars í Noregsferð.

Girðingar: Nýjar girðingar voru engar, en gert var við eldri girðingar, sem reyndist erfitt sökum skorts á hæfum mönnum til þeirrar vinnu. Eldri girðingar eru viðhaldsfrekar, er hvorutveggja að þær sligast undan fannþyngslum, vírinn riðgar og tréstaumar og rengrur fúna. Það reyndist því oft æði mikið verk að endurnýja gamlar girðingar.

Skógræktarstjóri samdi fyrir nokkrum árum við vegagerðarmenn um endurnýjun á Sauðhússkógargirðingu, gegn því að þeir fengju að hafa lítið sumarhús í jafri skógarins. Það er langt í land að þessari framkvæmd sé lokið og ég tel mig ekki hafa vald til þess að gefa neinar dagskipanir um aðgerðir á umræddri girðingu enda þótt ég fylgdist með " aðgerðum " í Sauðhússkógi, sem raunar eru ekki að mínu skapi, og hef bent vegagerðarmönnum á að hraða beri verkinu.

Framundan er mikil vinna á girðingum.

Skógarhögg: Grisjáb var í Arnbjargarlækjargirðingu og einnig í Norðtunguskógi.

Þá voru höggvin nálega 680 jólatré í Jafnaskarðsgirðingu. Af þeim fóru 560 tré til Reykjavíkur og 110 til Kaupfélags Borgfirðinga. Erfitt reyndist að ná þessum trjám sökum slæmra samgangna á þessum tíma árs og verður að bera sum þeirra langar leiðir og nota síðan traktor ~~með vagn~~ til að flytja trén að bílvegi.

Áburðargjöf: Var framkvæmd í Jafnaskarðs- Arnbjargarlækjar- og Norðtunguskógi, Síðumúlagirðingu og Melsgirðingu. Í Melsgirðingu var einnig sáð grasfræi og borið á sáningar frá fyrra ári.

Bæði í fyrra og í ár eru þessar framkvæmdir að því leiti á vegum " Landverndar " sem lætur ókeypis fræ og áburð, en sjálfboðaliðar úr starfsmannafélagi Sambands Ísl. samvinnufélaga framkvæmdu verkið, Skógrækt ríkisins að kostnaðarlausu.

Forráðamenn þessara framkvæmda óskuðu eftir aðstoð minni og skipulagningu verksins sem ég lét fúslega í té og dvaldi þarna heilan sunnudag við stjórn verksins. Þegar þess ~~er~~ gátt að þetta verk er unnið Skógrækt ríkisins að kostnaðarlausu, og ég lagði að sjálfsögðu fram starf mitt. Svo virðist að meðal forystumanna skógræktarinnar sé ekki samstaða um hvaða áburð beri að nota, og á hvaða tíma sé hagkvæmst að bera á trjágróður. Vonandi fæst bráðlega úr þessu skorðið með tilraunum.

Nokkru var sáð af lúpínu í Síðumúlagirðingu og einnig voru færðir til lúpínuhnausar.

Græðireitur: Dreifsettar voru í græðireitinn:

	Birki.	Hallormstað	5.400	
	Birki.	Vöglum	7.600	- 13.000
B-702	Rauðgreni	4/o	Tumastaðir	13.000
B-670	Stafafura	2/o	Tumastaðir	12.500
B-779	Sitkagr.	2/o	Tumastaðir	19.500
	Víðjustiklingar	Norðtungugræðireitur		3.000
	Asparstiklingar	Norðtungugræðireitur		1.500
			Samtals:	62.500

Úr græðireit komu til gróðursetningar í sumar:

Rauðgreni	2/2	3.000
Birki		10.000
Víðja		2.000
Víðir		500
Reynir		100
Ósp		100
		<u>Samt. 15.700</u>

Sumarið 1974 ættu að koma úr reitinum:

Birki og Víðja	15.000
Ýmsar barrplöntur	20.000 til 30.000

Gróðursetning 1973.

Norðtunga: ( sjá næstu síðu.)

Norðtunga:	Stafafura,	Fossvogi	6.000
	Rauðgreni,	Tumastaðir	10.000
	Rauðgreni,	Vöglum	19.000
	Rauðgreni,	Tumastaðir	6.500
	Bergfura,	Norðtungusk.	3.000
		Tumastaðir	9.000
		Samt:	47.500

Síðumúli:	Birki,	Tumastaðir	1.200
	Bergfura,	Tumastaðir	3.800
	Stafafura,	Tumastaðir	1.000
	Birki,	Tumastaðir	350
		Norðtungusk.	7.000
		Samt:	12.150

Arnbjargarl	Sitkagreni,	Tumastaðir	2.000
	Sitkagreni,	Fossvogi	200
	Lerki,	Tumastaðir	225
	Lerki,	Hallormst.sk.	150
		Samt:	2.575

Melsgirðing:	Stafafura,	Tumastaðir	2.500
--------------	------------	------------	-------

Arnarholts-	Stafafura,	Tumastaðir	1.000
reitur:	Rauðgreni,	Tumastaðir	100
		Samt:	1.100

Norðtungusk. umhverfisgræðir. o.fl.:

Viðja	1.200
Víðir	500
Reynir	100
Birki	1.500
Samt:	3.300

Alls hafa því verið gróðursettar á vegum Skógræktar ríkisins: 69.125 plöntur.

Auk þess hefur fjöldi einstaklinga og félagasamtök gróðursett allvænlegt magn af plöntum.

Ferðalög - leiðbeiningastörf: Ég var fjarverandi í erindum skógræktarinnar 195 daga á árinu 1973.

Frá því síðla í maí og til 20. sept. dvel ég með vinnuflokk sem hefur alaðbækistöð í Norðtunguskógi, en vinnur svo eftir þörfum víða um hérað þar sem störf fyrir skógræktina eru framkvæmd.

En það eru ótrúlega margir snúningar sem ég verð að inna af hendi vegna skógræktarmála, og þar eru laugardagar og sunnudagar engin undantekning, því það kemur varla sú helgi fyrir allt sumarið að ég þurfi ekki að sinna leiðbeiningum og öðrum störfum í þágu skógræktarinnar.

Helztu ferðir mínar á þessu ári utan fjölda ferða til leiðbeininga vítt og breitt um héraðið og hinnar daglegu umönnunar á vinnustöðum voru þessar:

10. janúar fór ég að Húsafelli til viðræðna við Guðmund Pálsson sem nú fer þaðan um óákveðinn tíma vegna veikinda. Rætt var um skóglendið á Húsafelli, og reynt að finna leiðir til að vernda skóginn í framtíðinni. 23. jan. flutti ég erindi og sýndi skuggamyndir af trjágróðri í héraði á fundi Lyonsfélags Borgarness. 12 - 17 marz var ég á skógarvarðafundi í Reykjavík.

23. marz fór ég að Húsafelli ásamt Jóni á Hvítárþakka og Benedikt í Viðigerði til að athuga land til skógræktar sem boðið var til leigu.

28. apríl var ég á aðalfundi Skógræktarfélags Borgarfjarðar, 12. maí fór ég á aðalfund skógræktarinnar Aspar. 22. og 23. maí fór ég um Dalasýslu með skógræktarsjúðora Hákonni Bjarnasyni. Voru athugaðir staðir er til greina kæmu sem skógræktarlönd. 24. maí fór ég að Hóli í Lundareykjadal samkvæmt beiðni bóndans þar, Jóhannesar Björnssonar og var erindið að velja landspildu til skógræktar, sem ég gerði í þeirri ferð. 11 maí mætti ég fyrir hönd skógræktarinnar á veiðifélagsfundum Gljúfurár vegna Sauðhússkógar. 16. júní fór ég að barna- og unglingskólanum Laugum í Dalasýslu og kenndi þar um 30 unglingsgróðursetningu. 23. júní fór ég að Mel í Hraunhreppi og var þar við sáningu á fræi og áburði í skógræktargirðinguna þar, en verkið var framkvæmt af starfsfólki S.Í.S. Skógrækt ríkisins að kostnaðarlausu. Ég skipulagði starfið að öllu leiti. 26. og 27. ágúst fór ég í Skógagirðingu í Þorskafirði, fékk menn til að gera við girðinguna og athugaði allar aðstæður þar, en umgengni þeirra sem umráðaréttur er heimiladur á þessu skógræktarlandi, er algjörlega óhæfur og ég hef skrifað skógræktarstjóra sérstaklega um þetta mál.

12. sept. fór ég ásamt Bjarna Arasyni héraðsráðun., að mæla veiðisvæði skógræktarinnar fyrir Sauðhússkóg vegna arðskrár sem samin var í haust og hækkar hlutur Sauðhússkógar allverulega eftir því mati. 1. okt. mætti ég fyrir hönd skógræktarstjóra við réttarhöld að Brennistöðum vegna skógræktarlands í Jarðlangsstadalandi sem er þinglesin eign Hákonar Bjarnasonar og fyrrverandi eigandi landsins Þorleifur Erlendsson afsaladi skógræktarstjóra landið með bréfi. Síðan krefst kennari úr Reykjavík eignarhalds á hluta landsins. Ég mótmælti kröfunni og sendi að því loknu afrit af málskjöllum til skógræktarstjóra.

2. okt. fór ég að Ytrafelli í Dalasýslu með girðingarefni í bíl mínum, til aðgerða á Ytrafellsgirðingu. Fékk bóndann á Ytrafelli Þorstein Pétursson til að lagfæra það sem með þurfti.

11. nóv. fór ég á veiðifélagsfund í Borgarnesi fyrir hönd Sauðhússkógar og varði þar réttindi umræðs lands í sambandi við veiðina.

Hér hefur verið stiklað á stóru um nokkur ferðalög en hin sem ekki eru talin upp eru engu að síður nauðsynleg og sjálfsagður liður í starfi skógræktarinnar á þessu svæði. Það er liðin sú tíð að þeir sem eiga að starfa fyrir fólkkið geti setið kyrrir á sama stað. Þjónusta í nútíma þjóðfélagi krefst þess að þeir sem eiga að bera ábyrgð á verkum og leiðbeina, komi sjálfir á staðina og séu virkir í störfum sem þeim sé trúad fyrir.

Fátt hef ég séð af yfirmönnum skógræktarinnar á þessum slóðum á árinu, nema skógræktarstjóra sem hefur komið í umdæmi mitt.

Ég hef á mínum höndum öll störf og fjármál Skógræktarfélags Borgarness og er það allmikill ábætur í starfi mínu, hvað vinnu

snertir, en peninga hef ég aldrei tekið fyrir þá vinnu.

Mikill vandi er á höndum í sambandi við aukinn ferðamannastraum að skógræktargirðingum. Verður ekki um flúið að gefa út ákveðnar reglur um það mál.

Þakka samstarfið á liðnu ári,  
Á gamlársdag 1973.

*Haraldur Kristjánsson*